

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, SORPSTÖÐ RANGÁRVALLAS. AÐ STRÖND

Dagsetning	21.6.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir, Páll V.K.Jónsson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Starfsleyfi, gildir til	1.7.2018
Heimilisfang	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra
Kennitala	600893-2469	Fulltrúar fyrirtækis	Ómar Sigurðsson, Þröstur Ólafsson og Ágúst I Ólafsson
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest í eftirlitinu, þ.e. vegna geymslu efna sem ekki er heimild fyrir í starfsleyfi, of mikið var urðað af lífrænum úrgangi, fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsemi að Strönd uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs hefur ekki borist og hauggasi er ekki safnað að Strönd.

Lokunaráætlun og tillaga að áhættumati og viðbragðsáætlun vegna ákvæða í lögum nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda hafa borist og misskilningur um girðingar er útkljáður.

UMFANG EFTIRLITS

Aðstaða og umgengni var skoðuð með Presti Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni og einnig haldinn fundur með þeim síðarnefnda og Ágústi I. Ólafssyni. Farið var yfir ýmis ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, áætlanir ýmiskonar og tryggingamál m.a. er varða . ákvæði laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1

Í ársuppgjöri rekstraraðila um magn og tegundir úrgangs 2010 kemur fram að 316 tonn af heyrúlluplasti séu geymd að Strönd. Þá eru bílar ofl. geymt á staðnum en ekki er heimild fyrir slíkri geymslu að Strönd.

Frávik frá: Ákvæði 1.2 í starfsleyfi en þar er gert grein fyrir þeim heimildum sem rekstraraðili hefur til meðhöndlunar úrgangs, hvort sem það er geymsla, flokkun, urðun o.s.frv sem og eru þeir úrgangsflokkar sem heimilaðir eru tilgreindir. Ofanefnt er ekki þar á meðal.

Frávik 2:

Magn urðaðs sláturúrgangs var yfir 1630 tonn árið 2010 og mótttekinn garðaúrgangur hátt í 345 tonn, þ.e. magn lífræns úrgangs var alls 1975 tonn.

Fráviki frá: Ákvæði 1.2 í starfsleyfi en þar segir að heimilt sé að jarðgera eða endurvinnna með sambærilegum hætti 1400 tonn af lífrænum úrgangi. Þar af er heimilt að urða allt að 800 tonn af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi svo sem sláturúrgangi en það skilyrði er sett fyrir urðuninni (upp að 800 t) að Sorpstöð Rangárvallasýslu sýni fram á að endurnýting sé ekki möguleg og að aðrar förgunarleiðir séu ekki færar.

Frávik 3:

Fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsemi að Strönd uppfylli ákvæði reglugerðar 738/2003 hefur ekki borist Umhverfisstofnun.

Fráviki frá: Ákvæði 1.8 í starfsleyfi en samkvæmt því átti rekstraraðili að gera grein fyrir hvernig starfsemi að Strönd uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 fyrir 1. maí 2009.

Frávik 4:

Talsvert magn lífræns úrgangs (helst sláturúrgangur) hefur verið urðað að Strönd, en hauggassöfnun fer ekki fram á staðnum.

Frávik frá: Lið 4, viðauka I. í reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs en hauggassöfnun átti að hefjast þann 16. júlí 2009. Þá er rekstraraðila skylt að nýta hauggasið eða eyða því ef nýting er ekki möguleg.



Önnur atriði:

Tillaga að áhættumati og viðbragðsáætlun vegna ákvæða í lögum nr. 33/2004 um mengun hafs og stranda hefur verið lögð fram. Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillöguna og gert athugasemdir og verður gengið frá endanlegum gögnum fljótlega.

Lokunaráætlun hefur borist Umhverfisstofnun og er hún samþykkt en minnt er á að útfærsla frágangs o.fl. skal liggja fyrir eigi síðar en 2 árum áður en lokun er fyrirhuguð.

Upp kom misskilningur um að girðingum væri ábótavant að Strönd. Svo er ekki og leiðréttist það hér með.

Reykjavík, 30.8.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

